

# FUNDARGERÐ

## 158. stjórnarfundur KRAFT

158. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 27. nóvember 2023, kl. 11.00 í húsakynnum ÍSí. Fundurinn var hluti af vinnufundi stjórnar (önnur fundargerð).

Fundarmenn : Hinrik, Þórunn Brynja, Auðunn, Kristleifur, María, Lára og Laufey  
Fjarverandi: Aron Ingi  
Fundarritari : Laufey

### 1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

### 2. HM Í BÚNAÐI 2023

Auðunn sagði frá mótinu. Keppendur voru Alex, Sóley Margrét og Guðfinnur Snær. Sóley var hársbreidd frá gullinu, það var bara síðasta lyfta. Þetta var hörkufín ferð.

### 3. MÓTSSTAÐUR FYRIR HM Í BÚNAÐI 2024

Þrír kostir fyrir mótstað voru skoðaðir : Reykjanesbær, Laugardalshöll og Miðgarður. Ljós Eftir þá skoðun var ljóst að einungis einn kom til greina. Stjórn KRAFT samþykkti einróma að Reykjanesbær mun verða mótstaður. Mótshaldari er KRAFT í samstarfi við Massa. Ellert Ómar verður mótstjóri.

### 4. RIG

Fyrsta mótið á nýju ári er RIG. Hinrik sendi boð á Norðurlöndin og Færeyjar. Færeyjar hafa þegið boðið. Noregur og Danmörk hafa svarað og eru að skoða. Svíþjóð og Finnland hafa ekki svarað.

### 5. LANDSLIÐSVAL

Á formannafundi kom fram að stjórn KRAFT óskar eftir við formenn að skila inn tillögum fyrir 1. desember. Ástæðan er að KRAFT þarf að skila inn umsókn í Afrekssjóð 4. desember.

### 6. ALDURSFLOKKAR

Á formannafundi kom tillaga að breyta Bikarmótum, sem aðeins hafa verið fyrir opinn flokk, í mót með aldursflokkum sbr. Íslandsmeistarmótin í þrílyftu og bekkpressu. Stjórn tók tillögu fyrir á stjórnarfundum. Stjórn samþykkti að breyta Bikarmótum (í þrílyftu og bekkpressu, í búnaði og klassík) í Bikarmót í öllum aldursflokkum. Mótaskrá 2024 verður uppfærð. Auk þess samþykkti stjórn að breyta ÍM í réttstöðulyftu í búnaðarmót og klassískt auk þess að hafa það í aldursflokkum. Æfingamót er skv. mótaskrá búnaðarmót en stjórn samþykkti að skilgreina það sem búnaðarmót og klassískt mót.

### 7. ÖNNUR MÁL

-

## **8. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR**

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

## **9. FUNDARLOK**

Fundi slitið kl. 15.30.